


Varmahlíðarskóli - útskýringar með námsmati

Þegar nemendur ljúka prófum og verkefnum eru niðurstöður færðar inn á Mentor.is. Ekki er gefin lokaeinkunn fyrir einstök verkefni/próf heldur fá nemendur sundurliðaða endurgjöf út frá hæfniviðmiðum. *Hæfnin* er miðuð við aldur og viðfangsefni nemenda hverju sinni og er sett fram með hliðsjón af hæfni- og matsviðmiðum sem finna má í köflum 19 til 26 í [Aðalnámskrá grunnskóla](#). Hæfnilýsingar má m.a. finna í kennsluáætlunum á vef skólans, inni á Mentor.is og í einstökum verkefnum/prófum. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að smella reglulega á flísina *Námsmat* inni á Mentor.is til að kynna sér framvindu námsins. Táknin sem notuð eru, eru skýrð í rammanum hér að neðan.





★ *Framúrskarandi hæfni.* Nemandinn sýnir meiri hæfni en vænst er, frammistaða hans er umfram væntingar. Hægt er að ná ★ fyrir sum hæfnivið en ekki öll - opin, skapandi og erfið viðfangsefni henta best til að sýna framúrskarandi hæfni.

✔ *Hæfni náð.* Góður árangur - nemandi getur hjálparlaust gert það sem tilgreint er með hæfni. Hann telst tilbúinn til að takast á við frekari áskoranir. (Í sumum viðfangsefnum er ekki svigrúm til að sýna framúrskarandi hæfni og ✔ því hæsta skor.)

◇ *Á góðri leið.* Nemandi hefur náð nokkrum tókum á því sem um er beðið, en ekki fullnægjandi.

⦿ *Þarfnast þjálfunar.* Nemandi er að byrja að ná tókum á viðfangsefninu en talsverða vinnu þarf áfram til að ná hæfninni sem lýst er.


✘ *Hæfni ekki náð.* Nemandi á eftir talsverða vinnu til að ná tilgreindri hæfni.



Í mörgum tilfellum fær nemandinn fleiri en eitt tækifæri til að sýna fram á hæfni sína, að stuðla að framförum. Framvindan sést ef smellt er á nýjustu merkinguna. Litið er á nýjustu merkinguna sem bestu heimildina um stöðu nemandans, enda er hún yfirleitt besta mælingin.

Símat yfir veturinn– lokaeinkunn að vori

Þegar líður á veturinn þá fjölgar merkingunum og staða nemandans verður skýrari. Í janúar fer fram stöðumat í tengslum við foreldraviðtöl. Þá er frammistaða nemandans í verkefnum og prófum fram að því dregin saman í eina leiðbeinandi einkunn í hverju fagi. Einkunnin er gefin á ABCD-kvarða aðalnámskrár. Bókstafseinkunnirnar eru dregnar saman m.t.t. merkinga (★✔◇⦿✘) sem nemendur hafa safnað eftir verkefni og próf. Í rammanum hér að neðan má sjá tengsl hæfni og bókstafseinkunna.



Skýring	Einkunn
Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni ★ í aðalatriðum.	A
Hæfni er náð ✔ í aðalatriðum og framúrskarandi hæfni ★ að hluta.	B +
Hæfni er náð ✔ í aðalatriðum.	B
Hæfni er náð ✔ að hluta og nokkur atriði eru á góðri leið ◇ eða þarfnast þjálfunar ⦿.	C +
Einhver atriði eru á góðri leið ◇ og önnur þarfnast þjálfunar ⦿. Hæfni náð ✔ að litlu leyti.	C
Hæfni er yfirleitt ekki náð ✘. (Í einstaka atriðum er vinna á góðri leið ◇ eða þarfnast þjálfunar ⦿.)	D

Við skólaslit er gefin lokaeinkunn í hverju fagi. Lokaeinkunn tekur mið af hæfni nemandans við skólalok. Á vorönn gefast nemendum gjarnan tækifæri til að bæta hæfni sína í þeim þáttum sem metnir voru fyrr að vetrinum. Framfarir yfir veturinn geta með góðri vinnu skilað hærri lokaeinkunn en gefin var á stöðumatinu í febrúar.